

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb.
12. júlí 2011
10.5.8
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. júlí 2011  
Tilvisun: UST20110600191/bs

## Rjúkandavirkjun í Snæfellsbæ, endurnýjun og stækkun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfissáhrifum.

Í fyrirhugaðri framkvæmd felst að stífla verður hækkuð og inntakslón stækkar. Afleiðing hækunar stíflunnar eru helstar "að oftar verður minna vatn en ella í Fossá og þar með í snotrum fossum hennar, Sjávarfossi og þó sérstaklega Rjúkanda. Minnsta vatn í þessum fossum verður ekki minna en áður." Bakkar núverandi lóns eru brattir, því mun flatarmál lónsins stækkar úr 3.500 m<sup>2</sup> í riflega 4.500 m<sup>2</sup>. Þróun pípa verður lögð í stæði núverandi pípu. Núverandi pípa liggar að mestu um ógróna mela. Slóð verður lögð meðfram pípunni. Ráðgert er að afmá slóðina að framkvæmd lokinni. Efnistaka er að mestu fyrirhuguð í lónstæði. Framkvæmdin er innan svæðis nr. 223 á náttúrumínjaskrá. Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera: "Fjölbreytt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar oghraun frá nútíma. Fjölsótt útvistarsvæði."

Fossar njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar felist í neikvæðum áhrifum á fossa vegna minna rennslis í Fossá. Framkvæmdin mun hafa talsverð neikvæð áhrif á ásýnd fossa í ánni hluta ársins, en framkvæmdin mun ekki skerða fossastallana sjálfa varanlega. Að mati Umhverfisstofnunar er hér um að ræða afturkræf áhrif á jarðmyndun sem nýtur sérstakrar verndar skv. fyrnefndri lagagrein. Því er að mati Umhverfisstofnunar ekki unnt að telja að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst.

Björn Stefansson

Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri